

219/20

- Fundur haldinn í **héraðsráði** fimmtudaginn 26. maí 2005 kl. 13:30 á skrifstofu héraðsnefndar. Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Jóhann Guðmundsson og Magnús B. Jónsson.

Dagskrá:

1. Textílsetrið
 2. Bréf frá SSNV
 3. Erindi þjónustuhóps aldraðra
 4. Fundargerð Hollvinasamtaka H.S.B.
 5. Héraðsskjalasafnið
 6. Héraðsnefndarfundur
 7. Önnur mál.
1. Formaður Textílseturs Íslands mætti á fundinn Greindi hún frá því að búið er að ráða Ingileif Thorlacíus forstöðumann við Textílsetur Íslands. Óskað er eftir að starfsemin fái aðstöðu í Kvennaskólanum og samþykkti héraðsráð það og jafnframt verði hafnar viðræður við menntamálaráðuneytið um framtíðar nýtingu skólans fyrir starfsemina.
 2. Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra SSNV vegna tillögu frá síðasta héraðsnefndarfundu. Með bréfinu fylgir yfirlit yfir greiðslur sveitarfélaganna til samtakanna.
 3. Lagt fram bréf frá formanni þjónustuhóps aldraðra. Oddvita falið að ræða við framkvæmdastjóra HSB um með hvaða hætti mætti koma á dagvistun fyrir aldraða.
 4. Bréf frá Hollvinasamtökum H.S.B. dags. 17. maí lagt fram. Héraðsráðið fjallaði um málefni samtakanna, héraðsráð sér ekki ástæðu til að vera aðili að samtökunum þar sem einstök sveitarfélög er eru aðilar að þeim.
 5. Samþykkt var að fela oddvita að ganga frá samningi við Kolbrúnu Zophoníusardóttur sem umsjónamanns skjalasafnsins.
 6. Ákveðið er að næsti fundur héraðsnefndar verði 9. júní n.k. kl. 15.00. í Félagheimilinu á Blönduósi.

Dagskrá:

1. Starfsemi sýslumansembættisins
 2. Kynning á starfsemi skólaþjónustu
 3. Ársreikningur héraðsnefndar og stofnanna fyrir árið 2004
 4. Rekstur héraðsnefndar frá 1. júlí 2005.
 5. Samgönguáætlun
 6. Erindi USAH sem vísað var til sv.stj.
 7. Kjör oddvita, varaoddvita og eins fulltrúa í héraðsráð ásamt þremur varamönnum.
 8. Önnur mál.
7. Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 15:10.

Valgarður Hilmarsson-----
Jóhann Guðmundsson-----
Magnús B. Jónsson

